

	<p>Hrönn Brynjarsdóttir</p>
<p>Menntun</p>	<p>BA í sálfræði frá Háskóla Íslands, 1999. MSc gráða í Vinnuvistfræði frá Cornell University, NY, 2007. Mun hefja doktorsnám í Upplýsingafræði (Information Science) við Cornell University haust 2007.</p>
<p>Vinnustaður</p>	<p>Human Computer Interaction Lab, Cornell</p>
<p>Netfang og/eða farsími</p>	<p>hb47@cornell.edu</p>
<p>Gerðist félagi</p>	<p>9 maí 2005</p>
<p>Viðfangsefni (störf/nám)</p>	<p>Helstu viðfangsefni mín við rannsóknir í samskiptum manns og tölvu hér við Cornell háskóla eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi stýri ég rannsóknum á augnhreyfingum og upplýsingaleit á netinu (<i>eye tracking and information search on-line</i>).</p> <p>Markmiðið er að öðlast meiri þekkingu á því sem gerist þegar við notum leitarvélur á borð við Google eða Yahoo til að finna upplýsingar. Augnhreyfirannsóknir sem þessar eru notaðar til að öðlast innsýn í leitarferlið sjálft, þ.e. eftir hverju notandinn tekur, hvort munur er á því hvar hlutirnir eru settir á vefsíðu og hvort notandinn smellir á hlekkir eða ekki. Meginmarkmiðið er þó að safna gögnum um þetta ferli svo mögulegt sé að hanna viðmót sem er hægt að stýra með augnhreyfingum, t.d. í tilvikum þar sem notandinn getur ekki stuðst við hefðbundnar aðferðir við tölvunotkun (s.s. lyklaborð og mús).</p> <p>Þetta á mjög vel við mig og smellpassar við megináhugamál mín sem eru t.d. að auka aðgengi að hugbúnaði og tækninýjungum í heild. Þetta er mitt hjartans mál og ég furða mig á því á hverjum degi af hverju við getum sent fólk til tunglsins, en ekki séð til þess að allir þegnar samfélagsins hafi jafnan aðgang að upplýsingum og tækni.</p> <p>Í öðru lagi stýri ég notendaprófunum sem og hönnun á vefsíðu frumgerðum (<i>website prototype design</i>). Sá hluti starfsins felur í sér almennar prófanir á nytsemi vefviðmóts, ritun staðla og leiðsagnarreglna sem og hönnun og þróun á vefviðmóti. Þetta starf er gífurlega skemmtilegt og er eins og augnhreyfirannsóknirnar, mjög viðeigandi á tímum tækni og tækni framfara</p>
<p>Mínar þælingar tengdar vinnuvistfræði</p>	<p>Það sem mér finnst mest heillandi við vinnuvistfræðina er að þetta er þverfaglegt svið, bæði fræðalega og líka þegar við hugsum um hver viðfangsefnin eru dags daglega. Sem dæmi má nefna fjölbreytni starfsheita félaga í Vinnis: Læknar, sjúkráþjálfarar, stoðtækjafræðingar,</p>

	<p>sálfræðingar og auðvitað vinnuvistfræðingar fyrir utan fjöldan allan af öðru sérmenntuðu fólki. Þegar við lítum til þess hvaða atvinnutækifæri eru til staðar fyrir vinnuvistfræðinga, þá er mikilvægt að muna að þessar stöður sem eru auglýstar eru ekki endilega miðaðar við vinnuheitið „Vinnuvistfræðingur“, þannig að á yfirborðinu virðast ekki vera margar opnar stöður sem standa vinnuvistfræðingum til boða. Fyrir unga (eða nýútskrifaða!) vinnuvistfræðinga skiptir til dæmis öllu máli að vera með smá hugmyndaflug og kjark til að sýna atvinnuveitendum fram á að þeir séu akkúrat rétta manneskjan í starfið sem auglýst er. Vinnuvistfræði snýst ekki eingöngu um að sjá til þess að allir hafi rétta stóla og flott lykllaborð. Tækifærin eru ótalmörg!"</p>
<p>Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert</p>	<p>Það er svo margt skemmtilegt sem ég hef gert um dagana að það er erfitt að velja úr! Í júlí síðastliðnum fór ég ásamt vinahópi til Outer Banks í Norður-Karólínu, þar sem við leigðum sumarbústað við ströndina í eina viku. Kvöldið áður en við héldum heim á leið höfðum við setið við varðeld á ströndinni og grillað s´mores (sykurpúðar, hafrakex og súkkulaði – smjatt!). Á leiðinni aftur í sumarbústaðinn gengum við fram á sæskjaldböku (af tegundinni loggerhead, caretta caretta) að verpa eggjum. Þessi tegund er nánast útdauð og þetta var mögnuð upplifun. Stærstar geta þessar skepnur vegið allt í hálf tonn. Við stóðum vakt þessa nótt til að verja eggin fyrir veiðipjófum þangað til þjóðgarðsverðir komu á svæðið og girtu hreiðrið af. Einn af vörðunum sem mætti á svæðið var hálf grátandi þar sem hann þakkaði okkur og benti okkur á að hann hefði verið í þessum “bransa” í 25 ár og aldrei séð lifandi loggerhead sjálfur!</p>